



Umhverfisnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Alþingi  
Erindi nr. P 136/750  
komudagur 16.1.2009

Reykjavík, 16. janúar 2009  
EBI/--

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna 187. mál**  
*Tilv: 2008120013*

Fjallað hefur verið um málið á vettvangi Bændasamtakanna og eftirfarandi athugasemdir eru gerðar:

**Varðar 4. gr.**

Með tilliti til þess að vernda ber ræktanlegt land og beutiland er óheppilegt að miða kröfur um fráveituf framkvæmdir aðeins við fjölda húsa á hektara. Þetta getur haft áhrif á hönnun og skipulag hverfa á þann hátt að landi sé sólundað að óþörfu. Þá er einnig í þessu sambandi rétt að benda á að land sem tekið er undir íbúða- og eða sumarhúshverfi getur verið mjög mismunandi með tilliti til þess hversu vel það er fallið til ræktunar, hversu auðvelt er að koma þar fyrir mismunandi fráveitukerfum og hversu mikil mengunarhætta er af tilteknum fráveitukerfum. Bent skal á önnur kerfi geta komið til greina en lagnakerfi um svæðið eða rotþrær.

Lagt er til að varðandi fráveitur í dreifbýli verði hlutverk sveitarfélaga skilgreint þannig:

Í dreifbýli er sveitarfélagi heimilt að koma á fót og starfrækja fráveitu. **ef meirihluti íbúa óskar þess eða ef sérstök heilbrigðisrök hníga að því að svo þurfi að vera.**

**Varðar 6. gr.**

Heimild til ráðstöfunar á einkarétti sveitarfélags.

Varð er við framsali einkaréttinda til hálfopinberra félaga nema tryggð sé að umgjörð þeirra með tilliti til hagsmuna almennings vegna þessa tiltekna verkefnis.

#### **Varðar 10. gr.**

Lagt er til að greinin orðist svo:

Nú er landareign í sameign og hluti eigenda óskar eftir því að koma á fót fráveitu til að veita skólpi og öðru frárennsli frá landareigninni, og getur þá sá eða þeir sem meiri hluta landareignar eiga tekið ákvörðun um framkvæmdina, **að því tilskildu að sterk heilbrigðisrök séu til staðar.** Er hinum þá skylt að taka hlutfallslega þátt í kostnaði sem af því hlýst.

#### **Varðar 13. gr.**

Lagt er til að eftirfarandi verði felld út:

“Gjaldið skal miðað við gerð, stærð og lengd tenginga. Heimilt er sveitarfélaginu að innheimta með tengigjaldi hlutdeild í stofnkostnaði við aðliggjandi fráveitukerfi, þó ekki kostnaði vegna stofnlagna nema þær gegni jafnframt hlutverki safnkerfa.”

Ekki er eðlilegt að mismuna íbúum eða fyrirtækjum eftir því hversu langt er í safnæðar fráveitukerfa sem þeir kunna að vera skyldaðir til aðildar að.

#### **Varðar 14. gr.**

Orðalagið “Heimilt er að innheimta fráveitugjald af öllum fasteignum sem tengdar eru eða geta tengst fráveitu sveitarfélags” er of víðtækt og er eðlilegra að miða við þau hús sem eru tengd eða munu tengjast.

#### **Varðar 15. gr.**

Brýn þörf er á að skilgreina betur en þarna er gert hvað má taka inn af fjármagnskostnaði í gjaldskrá og einnig er lagt til að í stað orðalagsins “fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun” verði það orðað á þann veg að taka megi tillit til eðlilegs stofnkostnaðar.

#### **Varðar 18. gr.**

Aðgangur að landi.

Brýnt er að taka fram að þeir sem láta af hendi land, mannvirki og landsafnot og þola nauðsynlegar eignarkvaðir vegna fráveituf framkvæmda og lagna **fái fullar bætur fyrir.**

**Varðar 20. gr.**

Lagt er til að greinin orðist svo:

**Bótaábyrgð vegna tjóns á fráveitukerfi.**

Aðili sem veldur tjóni á fráveitukerfi, svo sem með losun efna eða hluta í fráveitu, ber bótaábyrgð á slíku tjóni, **enda verði tjónið rakið til ógætilegrar og/eða saknæmrar háttsemi hans eða starfsmanns hans.**

Greinin eins og hún stendur fríar veituhafa ábyrgð í of miklum mæli.

**Varðar Ákvæði til bráðabirgða**

Í ákvæðum til bráðabirgða er nauðsynlegt að tryggja að sá sem lætur lagnir og tengingar í einkaeign til samveitu eftir atvikum við endurnýjun tenginga fái eðlilega greitt fyrir það sem nýtist af því sem fyrir er.

Virðingarfyllst  
f.h. Bændasamtaka Íslands

*Eiríkur Blöndal*